

Anna LÍndal
Samhengissafnið / Context Collection



línur / lines



“The first thing to know is that a point is a sign [signum] which one might say is not divisible into parts. I call a sign anything which exists on a surface so that it is visible to the eye. ... Points joined together continuously in a row constitute a line. So for us a line will be a sign whose length can be divided into parts, but it will be so slender in width that it cannot be split ... If many lines are joined closely together like threads in a cloth, they will create a surface”.

Leon Battista Alberti, *De Pictura*, 1435

Það er ekki mikið í boði þegar kemur að æðri menntun í Húnavatnssýslum. Sextán ára flutti ég suður til að kanna veröldina hinum megin við Holtavörðuheidi. Þjó fyrst á Hofteignum en síðan leigði ég íbúð í Mávahlíð 17, sem ég keypti síðar með mínum nánustu. Mamma elskaði blóm. Á veggnum milli litlu- og stórustofu var falleg græn planta sem mig langaði til að taka með mér til Reykjavíkur. Kannski gekk ég eitthvað harkalega að blóminu hennar mömmu því hún brást illa við þegar hún sá að ég hafði tekið næstum helminginn af plöntunni. Blómið á Lækjamóti lifði afskurðinn af en er engu að síður löngu horfið af stofuveggnum. Afleggjarinn hefur velkst með mér í öll þessi ár og er nú orðinn að fimm plöntum.

There isn't much to choose from when it comes to higher education in the Húnavatnssýslur counties. At sixteen I moved to Reykjavík, to explore the world beyond the Holtavörðu- heiði moor. At first I lived on Hofteigur, and later I rented an apartment in Mávahlíð 17, which I later bought together with close relatives. Mom loved flowers. On the wall separating the small living room from the large one there was a beautiful green plant. I wanted to take it with me to Reykjavík so I cut part of it off. I must have treated the flower somewhat disrespectfully, because mom was enraged when she saw what remained of the plant. The flower at Lækjamót survived the cut but has long since disappeared off the living room wall. The cutting however, has tumbled with me ever since and has turned into five plants.



Það eru stöðugar jarðhræringar á Íslandi, einhver hreyfing sem getur hugsanlega leitt af sér aðra hreyfingu. Þessar hræringar eru alltaf með okkur MTG hvort sem við erum heima eða á ferðalögum. Einhverskonar viðvera sem tekur sitt pláss og rými, kannski eins og þriðji aðilinn í sambandinu.

The earth is restless in Iceland. Some form of movement, often within a volcano or a glacier, which occasionally leads to more serious unrest. This life of the land is always with MTG and me, both at home and when we travel together. It is some form of a presence, which takes up space, perhaps like a third person in the relationship.



KZ-3, öðru nafni Korbinian eplið, er ekkert venjulegt epli. Þegar Korbinian Aigner (eplapresturinn) var fangi í útrýmingar- búðunum í Dachau var hann látinn sjá um garðvinnu, aðallega að rækta lækningajurtir. Þarna tókst honum að rækta fjögur ný afbrigði af eplum KZ-1, KZ-2, KZ-3 og KZ-4. „KZ“ er skammstöfun fyrir útrýmingarbúðir á þýsku. Á Documenta sýningunni í Kassel árið 2013 voru sýndar teikningar af eplum eftir Korbinian Aigner og honum til heiðurs var eplatré plantað í Karlsaue garðinum. Við Hildigunnur vorum staðráðnar í að finna tréð KZ-3, sem við og gerðum. Meðan við dáðumst að þessu fingerða tré tók Hildigunnur eftir þremur litlum eplum sem lágu í grasinu skammt frá trénu. Hún tók þau upp og lagði í lófa minn.

KZ-3, also known as the Korbinian apple is no common apple. When Korbinian Aigner (the apple pastor) was held as prisoner at the Dachau concentration camp he was forced to work in agriculture, tending a garden of medicinal herbs. In Dachau he managed to grow four new strains of apples, the KZ-1, KZ-2, KZ-3 and the KZ-4. "KZ" is short for concentration camp in German. At the 2013 Documenta in Kassel, drawings of apples by Aigner were shown, and an apple tree was planted in his honor in the Karlsaue park. Hildigunnur and I were determined to find the KZ-3 tree, which we did in the end. While admiring the delicate tree, Hildigunnur noticed these three little apples which lay in the grass not far from the trunk. She picked them up and put them in the palm of my hand.



5. 6. 2013: Veðrið var tiltölulega milt, sérstaklega miðað við óveðrið á jöklinum síðustu tvo daga. Við lögðum af stað af Fjallinu niður í Grímsvötn upp úr hádegis og ég gat varla beðið eftir að sjá aðstæðurnar í gígnum. Þegar við komum niður í Vötn var verið að draga gúmmibátinn niður að gígnum til að freista þess að mæla botninn og hitastigið. Mig langaði meira til að synda í gígnum, nota líkamann sem mælitæki. Ég klæddi mig úr þar sem snjóflóðið hafði fallið úr brún ketilsins um morguninn, fór í sundbolinn og vaðskóna, stillti fókussinn og labbaði út í gígvatnið. Vatnið var um 0°C og lofthitinn ca. 5°C en ég fann ekki fyrir kulda. Á bakleiðinni synti ég í gegnum klakahrönglið sem flaut á vatninu eftir snjóflóðið.

June 5th 2013: The weather was relatively mild, especially considering the storm that had raged on the glacier during the past couple of days. We left the hut on the rim of the Grímsvötn caldera around lunchtime and I was excited to see the conditions in the crater. When we arrived a small boat was being dragged down the steep glacier slope to measure the crater bed and the water temperature. I much rather wanted to swim in it and use my body as a measuring device. I undressed where the avalanche had fallen from the ice cauldron rim in the morning, put on a swimsuit and wade-shoes, focused, and then walked into the crater lake. The water temperature was 0°C, the air temperature around 5°C but I did not feel the cold. On the way back I swam through the floating ice from the avalanche.



Við beygðum inn á nýrutt planið, efsta jarðlaginu hafði verið ýtt í burtu svo að verktakarnir hefðu pláss fyrir vélar og tæki. Þegar við horfðum yfir hraunið var auðvelt að átta sig á hvar nýi vegurinn átti að liggja, appelsínugula spreymið markaði línur í landið. Appelsínugult hraun, appelsínugult krækiberjalyng og appelsínugular rendur á mosabreiðum. Atburðarásin við Gálgahraun er manngerður punktur í miklu stærri heild og segir okkur hvað getur gerst þegar maðurinn er farinn að stjórna af sinni eigin sköpun en þekkir sig ekki lengur í henni.


We turned onto the newly levelled platform. The top layer of the soil had been removed to make space for the contractor's machines and equipment. When we looked over the lava field, it was easy to realize where the new road would stand, the orange spray had marked lines in the land. Orange lava, orange crowberry bushes, orange stripes across mossy fields. The chain of events in the Gálgahraun lava field is a man made point in a much larger context. It tells us what can happen when man is controlled by his own doing and no longer recognizes him / herself in it.



Kl. 19:08 17. 7. 2014 var okkur skutlað á land í Surtsey. Síðasta aldan hóf sig yfir skutinn, skvettist uppá bakið á mér og renndi sér síðan eftir gúmmibátnum. Við lentum vestanmegin á eyjunni og selfluttum tæki og búnað meðfram Austurbunkanum áfram í Pálsbæ. Það átti að mæla Surtsey; þetta náttúruundur sem reis úr hafi í neðansjávargosi 1963. Fyrsta daginn var súld og þoka og enginn þyngdarpunktur tekinn. Dagur tvö: 3 punktar, dagur þrjú: 35 punktar, dagur fjögur: 27 punktar. „Þegar margir punktar sameinast í röð verður til lína. Ef margar línur vefast saman eins og þræðir í klæði búa þær til hjúp“ (Alberti, 1435).

At 7:08pm, 17.7.2014 we were dropped off on Surtsey island. The last wave splashed onto my back and then rolled into the dinghy. We landed on the western side of the island and hauled the tools and equipment over by the eastern bank onwards to Pálsbær cabin. Surtsey, this wonder of nature that rose from the seabed during a submarine eruption in 1963, was to be measured. The first day was drizzly and foggy and no gravity points could be measured. Day two: 3 points, day three: 35 points, day four: 27 points. “Points joined together continuously in a row constitute a line. If many lines are joined closely together like threads in a cloth, they will create a surface” (Alberti, 1435).

19.07.2014
20.07.2014
21.07.2014



Þakkir fyrir veittan stuðning

With support by

Myndlistarsjóður

All rights reserved.

No part of this publication may be reproduced,
stored in or introduced into a retrieval system, or transmitted, in
any form or by any means (electronic, mechanical, photocopying,
recording or otherwise), without the prior written
permission of the copyright owner of this book.

Printed in Reykjavík 2014

© Anna Líndal



Anna Lindal
Samhengissafnið / Context Collection